

AUGLÝSING

um afnám hraðatakmarkana.

Auglýsing um lækkun hámarkshraða, nr. 180 9. júlí 1968, er hér með úr gildi felld.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. maí 1969.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

26. maí 1969.

Nr. 131.

AUGLÝSING

um umferð og umferðarmerki í Ísafjarðarkaupstað.

Samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 40 26. maí 1968, 65. grein, hefur bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar samþykkt eftirfarandi:

1.

Bifreiðastöður bannaðar.

1. **Aðalstræti:** Bifreiðastöður bannaðar vestanvert við húsin nr. 15 og 21—25, svo og leyfðar bifreiðastöður í 30 mínútur hverju sinni austanvert frá Skipagötu norður að brunahana við Útvegsbankahús.
2. **Austurvegur:** Bifreiðastöður bannaðar að norðanverðu frá Norðurvegi að Sundstræti.
3. **Fjarðarstræti:** Bifreiðastöður bannaðar við hús nr. 32 og 38 að norðanverðu og sunnanvert frá Sólgötu að Pólgötu, svo og að norðanverðu frá Norðurvegi að Tangagötu.

2.

Einstefnuakstur.

1. **Engjavegur:** Einstefnuakstur frá Urðarvegi að Seljalandsvegi.
2. **Smiðjugata:** Einstefnuakstur frá Silfurgötu að Skipagötu.

3.

Umferðarmerki.

Biðskyldumerki við gatnamót Túngötu og Eyrargötu austanvert.

4.

Leikgata.

Aðalstræti: Leikgata frá Austurvegi að Silfurgötu og er allur akstur bannaður um þennan hluta Aðalstrætis.

Ökuhraði.

Ökuhraði bifreiða og bifhjóla í kaupstöðum skal vera 35 km miðað við klukkustund en 45 km miðað við klukkustund á Seljalands- og Hnífsdalsvegi innan kaupstaðarins.

Auglýsing þessi tekur gildi við birtingu hennar.

Bæjarfógetinn á Ísafirði, 26. maí 1969.

Björgvin Bjarnason.

Nr. 132.

29. maí 1969.

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Að fenginni tillögu borgarráðs hefur eftirfarandi regla verið sett um umferð, samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, frá 23. apríl 1968:

Á virkum dögum á tímabilinu frá kl. 9.00 til kl. 19.00 er bifreiðastöðubann á Njálsgötu að sunnanverðu, austan Barónsstígs.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 29. maí 1969.

Nr. 133.

29. maí 1969.

REGLUGERÐ**um holræsi og holræsagjöld í Skútustaðahreppi.****1. gr.**

Þegar Skútustaðahreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða opið svæði eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum, sem þar eiga íbúðarhús að eða í námunda við og til holræsa geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því í aðalræsið (götuæð), og annast viðhald þeirra.

Vanræki einhver að láta gera holræsi (heimæð) innan hæfilegs frests, getur hreppsnefnd látið vinna verkið á hans kostnað. Sama gildir, ef húseigandi vanrækir viðhald heimæðar.

2. gr.

Hreppsnefnd hefur umsjón með holræsakerfi hreppsins s. s. viðhaldi, endurbótum og aukningu þess. Heimilt er hreppsnefnd að fela sérstökum manni slíka umsjón.

3. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt (heimæð), skal hann hafa fengið leyfi hreppsnefndar til þess. Öll slík leyfi skulu skráð í gerðabók hreppsins.

Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum hreppsnefndar (umsjónarmanns), að því er varðar gerð, lagningu og frágang heimæðar, enda hafi umsjónarmaður ávallt eftirlit með því, að vel og örugglega sé frá öllu gengið.

4. gr.

Allur kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði, en hluta gatna-gerðargjalda skal varið til að greiða þann kostnað.